



## Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 20. nóvember 2019

### Ályktun miðstjórnar ASÍ um spillingu og arðrán

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir með öllu því arðráni sem afhjúpað var í umfjöllun Kveiks og Stundarinnar í síðustu viku og skipulagðri spillingu þar sem auðlindir fátækrar þjóðar eru misnotaðar.

Starfsaðferðir Samherja í Namibíu beina sjónum að fjölmörgum þáttum í okkar samfélagi og hlutverki Íslands í samfélagi þjóðanna. Það er hrollvekjandi að sjá hvernig Samherji virðist hafa nýtt sér árangursríkt þróunarstarf íslenska ríkisins í Namibíu, siglt í kjölfar þess góða starfs og arðrænt fátækt samfélag. Íslensk verkalyðshreyfing stendur með vinnandi fólki í Namibíu og rétti þess til mannsæmandi kjara.

#### **Starfsaðferðir sem verður að uppræta**

Það er ljóst að rannsakendur verða að fá skýrt umboð og fjármagn til að komast til botns í vinnubrögðum Samherja á erlendum vettvangi sem og innlendum eftir því sem tilefni er til. Þá vekur málið spurningar um samspil stjórn mála og stórfyrirtækja og nauðsyn þess að efla eftirlit og tryggja hlutleysi og möguleika eftirlitsstofnana til að sinna sínu nauðsynlega hlutverki.

Það er nauðsynlegt lýðræðinu og trausti að rannsókn málsins verði vönduð og þeir sem ábyrgð bera taki afleiðingum gjörða sinna.

Miðstjórn Alþýðusambandsins minnir á að ein undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar er sjávarútvegur þar sem starfa þúsundir félagsmanna aðildarféлага ASÍ. Það skiptir máli hverjum er treyst fyrir sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og það á að vera skýlaus krafa að farið sé vel með hana og allt samfélagið njóti arðs af henni. Meðferð sameiginlegra auðlinda okkar á ekki að dýpka stéttskiptingu eða misrétti á milli landssvæða.

Það er líka tilefni til að minna á að starfsfólk Samherja er ekki ábyrgt fyrir hegðun stjórnar og annarra stjórnenda fyrirtækisins frekar en almennt starfsfólk annarra fyrirtækja.

Alþýðusamband Íslands hvetur launafólk til að láta í sér heyra gegn spillingu og arðráni!